

Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur

UM MENNINGU OG MANNRÉTTINDI

Fundur mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar í Iðnó 10.
des. 2012

Rómverjarnir gömlu flokkuðu allt í veröldinni í tvennt. Allt var annað hvort „natura“, þ.e.a. s., það sem er af náttúrunnar hendi, það sem náttúran hefur sjálf gert ein og ótrufluð – eða – „cultura“, það sem er manngert, þar sem gjörðir mannanna hafa hróflað við náttúrunni, haft áhrif á hana og breytt henni. Cultura þýðir eiginlega ræktun, en við nefnum „cultura“ menningu upp á íslensku. Rómverjar reiknuðu greinilega með að áhrif manna á náttúruna væru í grundvallaratriðum til að betrumbæta hana - en ekki til að spilla henni eins og nútímanum er ofar í huga.

Með því að þessi fundur er um eldra fólk, þá er sjálfsagt að benda á að ellin er menningarfyrirbæri. Yfirleitt var það svo að meðan náttúran réði sér ein – án þess að maðurinn hefði breytt henni teljandi – þá var elli varla til.

Elli er fátíð utan mannheima. Enn er hún raunar einskonar sérréttindi efnaðra þjóða, og – ég verð að geta þess sannleikans vegna – gæludýranna og húsdýranna sem fólk heldur sér til gagns eða skemmtunar.

Aðrar lífverur, þær sem hafast við í hinni svokölluðu „villtu náttúru“, falla yfirleitt frá í lífsbaráttunni við upphaf hrörnunar, ekki löngu eftir að þær hafa komið síðasta afkvæminu á legg. Þetta er í samræmi við hið hluttekningarlausu lögmál um sigur hins sterka, „survival of the fittest“.

Sá sem fer að tapa styrk sínum og færni úti í hinni villtu náttúru verður oftast umsvifalítið undir í lífsbaráttunni og það gerist upp úr því að frjósemisskeiðinu er lokið. Eftir það eru lífverurnar „ekki til neins“, á miskunnarlausu máli líffræðinnar.

Engar skepnur hafa haft sinnu eða lagni til að reyna að breyta þessu fyrr en mennirnir. Mennskan er fólgin í að andæfa náttúrunni, breyta henni bæði ytra og innra með sjálfum sér, hafa hemil á blindum hvötum sínum, að lifa ekki eins og skepnur. Þannig hefur það ævinlega verið og það þarf ekki að láta eins og það sé í sjálfu sér spánýtt fyrirbæri þegar við erfðabreytum byggi, sökkvum landi undir uppistöðulón og þess háttar. Menningin hefur frá upphafi vega verið eitt allsherjar tilræði við náttúruna, og það er fullseint að fara sjá eftir því núna.

Mennsk börn þurfa lengra uppeldi heldur en flest annað ungviði. Að eðlisfari gætu þau orðið sjálfstæð upp úr fermingaráldri og þannig var það líka fyrrum. Ólafur helgi Haraldsson bað t.d. um að fá að stjórna herskipi þegar hann var tólf ára og Ástu mömmu hans fannst það alveg sjálfsagt. Að mannbörn hunskist nú orðið ekki að heiman fyrr en ofarlega á fertugsaldri er hins vegar síðari tíma þróun.

En þetta þýðir að frá náttúrunnar hendi var eiginlega nóg að lifa fram á sextugsaldurinn. Það kemur líka í stórum dráttum heim og saman við þróun meðalaldurs og lífslíkna hjá fólki. Þetta þýddi samt ekki, að alls engir aldraðir væru til í gamla daga, en þeir voru fáir og flesta þeirra mundum við núna bara kalla miðaldra. Lengst af Íslandssögunni var meðalævin langt undir fimmtugu, eins og hún er enn t. d. í Sierra Leone, Angola og Simbabwe. Meðalævin á Íslandi er um og yfir 80 ár. Breytingin er af völdum menningar. Það hafa engar skepnur haft hugsun á að trufla starfsemi náttúrunnar með því að koma upp velferðarþjónustu og heilbrigðiskerfi. Það voru ekki einu sinni skepnurnar sjálfar, sem höfðu rænu á að setja lög um dýravernd nr. 15 frá 1994.

Menn hafa hins vegar búið til velferðarþjónustu og heilbrigðiskerfi og skilgreint jafnan rétt manna til þessa. Því mannréttindi eru cultura, mannréttindi eru menning, hin annars ágæta náttúra gerði ekki ráð fyrir sérstökum mannréttindum.

Og nú er það ærið umhugsunarefni, þó það sé alls ekki viðeigandi umræðuefni - og jafnvel dónalegt - á fundi Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, hvort réttindin sem þessi tiltekna tegund „maðurinn“ hefur úthlutað sér, muni ekki senn ganga endanlega af náttúrunni dauðri, og kannski tegundinni sjálfri í kjölfarið. Og þá er hin spurningin ekki síður áleitin, hvort mannréttindi séu ekki frekar endanleg auðlind – þannig að aldrei verði nóg af mannréttindum handa öllum, ef allir vilja mikið.

Hækkun lífslíknanna er fyrst og fremst afleiðing af aukinni kunnáttu og tækni; þess sem við köllum í daglegu tali „framfarir“. Það er ekki sjálfgefið að nýta framfarirnar til þess að hækka lífslíkur fólks. Í sumum samfélögum er ávinningur framfaranna fyrst og fremst notaður til auka velsæld fátækra. Svo er ekki hér; við höfum - a.m.k. líka - nýtt ávinninginn til þess að lengja og bæta líf fólks sem „er ekki til neins“, fólks „sem borgar sig ekki“. Það er siðferðileg ákvörðun sem við á sínum tíma tókum og það er hollt að muna núna þessi síðustu ár, þegar Íslendingar eru jafnvel farnir að tala verr um sjálfa sig heldur en veðrið.

Það eru ekki til einföld svör til við spurningunni um það, af hverju hlúð sé að veiku lífi, af hverju slitið fólk fái að hvíla sig eftir starfsævina, af hverju reynt sé að betra brotamann, af hverju eigi að halda upp á líf „sem ekki er til neins“. Þau svör eru raunar hvorki jafn einföld né sjálfsögð eins og við á hátíðastundum og hátíðafundum viljum vera láta. En þau er ekki að finna í útreikningum heldur í tilfinningum, ekki í náttúrunni heldur mennskunni, ekki í neinum rökum markaðslögmálanna heldur í einhverri visku sem er þeim rökum langtum ofar. Stundum hvarflar að manni, að það sé enginn nógu vitlaus til að láta sér detta þetta í hug, nema guð.

Ef ég ætti að svara með einföldum hætti spurningunni um það, hvað mannréttindi eru, þá mundi ég segja að það sé að geta valið. Að eiga þess kost að velja það sem þessari sérstaka, engri-annarri-líku persónu sem ég er, hentar. Þegar maður á ekkert val og bara er einn kostur, þá er það nauðugur kostur. Stefnan til aukinna mannréttinda er - held ég - alltaf í þá átt að fjölga valkostum fólks; að í stað eins kostar verði fleiri, að í stað fárra kosta verði margra kosta vöð.

Nú er það svo, að eigi maður einhver tiltekin réttindi þá hefur einhver annar samsvarandi skyldu við mann. Réttindi eins manns og samsvarandi skylda annars manns eru par og jafnvel ennþá nánara par heldur en Egils malt og appelsín. Og þó ég hafi verið að hæla okkur Íslendingum áðan, þá ætla ég að draga svolítið í land með það aftur, með því að minna á, að oft eru réttindin okkur Íslendingum miklu hugleiknari heldur en skyldurnar. Við eigum tiltölulega létt með það að lofa einhverju, en verða svo steinhissa, jafnvel sár, þegar ætlast er til að við stöndum við lofordið. Þá er nokkuð sama hvort eiga í hlut eigendur Ice Save reikninga eða örorkulífeyrisþegar. Líklega er þetta eitthvað sem við tileinkuðum okkur meðan við öll gengum með ávísanahefti; innistæðulausar ávísanir líta nákvæmlega eins út og hinar.

Ég sagði að mannréttindi væru að eiga val. Flestir taka undir þetta a.m.k. í orði. Reglulega kemur þó fyrir að vel meinandi fagfólk og ástríkir stjórnálamenn finna það út, að til séu einfaldar allsherjarlausnir á vanda þessa eða hins þjóðfélagshópsins. Það geta verið aldraðir, það geta verið fatlaðir eða grunnskólabörn. Þessu vel meinandi fólki hefur þá áskotnast eins konar stórisannleikur um hvað sé best. Þá er byrjunarforsendan sú, að þarfir allra í hópnum séu í stórum dráttum eins. Finnist einhverjum annað, þá er það út af sjálfsþekkingarleysi eða fólk hreinlega misskilur sjálft sig. Þar sem þarfir allra í hópnum eru eins, þarf viðkomandi hópur ekkert valfrelsi. Það er fyrirfram og í eitt skipti fyrir öll hægt að velja hið eina rétta.

Vilji fólk annað en þetta eina rétta, þá kann það ekki fótum sínum forráð, það er neikvætt, meðvirkt, eða vanþakklátt, nema þetta fari allt saman. Svona stórisannleikur er á sveimi gagnvart grunnskólabörnum, (en þeim á öllum bæði að líða og vegna best í almennum bekkjum), hann er á sveimi gagnvart fötluðum (þeim á öllum að líða og vegna best í sjálfstæðri búsetu) og svona stórasannleikshugsun hefur lengi svifið yfir vötnum í öldrunarmálum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hve önnugt það er að eiga við menn sem þekkja stórasannleik. Hugsun þeirra byrjar eiginlega alltaf á þeirri forsendu að allt fólk sé að þessu eða hinu leytnu eins og þeir viti sjálfir upp á hár hvernig það er. Þar af leiðandi sé valfrelsi til óþurftar.

Þegar ég var að læra sálfræði fyrir rúmum fjörutíu árum valdi ég öldrunarfræði sem sérgrein og allar götur síðan hef ég velt fyrir mér málefnum aldraðra; lengst af annarra og senn sjálfs mín. Maður skyldi ætla að eftir allan þann tíma geti maður greint frá djúpspakri niðurstöðu og ég skal heldur ekki svíkja ykkur um hana. Eftir fjörutíu ár er hún komin niður í bara fjögur orð. **ALDARAÐIR ERU EKKI EINS.**

Og ef einhverjum gengur illa að muna þetta, má skammstafa það: AEEE.